


Inkscape


Stilla stærð á skjalinu

1. Farðu í file → document properties




2. Breyttu mælikvörðum úr px (pixlar) í mm (millimetrar)

Breyttu svo vídd (width) og hæð (height) blaðsíðunnar – hér getur verið gott að miða við hversu mikið af efni þú ætlar að nota. Lokaðu svo glugganum.




Að breyta mynd (image) í vektor með því að nota Trace Bitmap í Inkscape

1. Finndu þér mynd á netinu. Hægri smelltu á myndina → copy




2. Farðu í Inkscape, hægri smelltu og veldu paste




3. Ef myndin er of stór minnkaðu hana þá með því að draga eitt hornanna inn. Haldu CTRL (control) hnappnum niðri á meðan þú minnkar/stækkar til að hlutföllin haldist rétt.



4. Veldu nú myndina, farðu í path → trace bitmap




5. Þá opnast nýr gluggi. Smellt fyrst á Update (uppfæra) hnappinn til að forskoða (preview) myndina.



Þú getur svo fíkað í þessum stillingum þar til þér finnst myndin líta vel út. T.d. að velja Edge Detection – þá nærðu útlínunum. Ólíkar stillingar hér virka á ólíkan hátt, fíkaðu þig áfram. Þegar þú ert sátt/sáttur við útkomuna smelltu á OK og lokaðu glugganum.


6. Smelltu nú á myndina þína og dragðu hana til. Þá kemur vektoramyndin þín í ljós.



7. Ef þú ert sátt/sáttur við útkomuna þá hægrismellir þú á upprunalegu myndina og eyðir henni (delete).



8. Línuteikningin sem nú er eftir er vektor teikning. Þú getur núna unnið í myndinni ef þú vilt. Þá velur þú „edit“ músina úr tækjastikunni og smellir með henni á myndina. Litlu ferningunum sem myndast þá (kallaðir „nodes“) er hægt að breyta og draga þangað sem þú vilt.



Að breyta línur og lit (fill and stroke)

1. Farðu í object → fill and stroke, þar stillir þú lit og línur



- a. Laserskurður / Vinylskurður: Engin fylling (fill) → hafðu línur rauðar (í stroke paint) → hafðu þykktina 0,01 mm (í stroke style)
- b. Rastering í laser: Engar línur → hafðu fill í svörtum lit
- c. Fyrir rasteringu (í laser)

Að hreinsa upp mynd með því að nota „break apart“ möguleikann

1. Stundum er útkoman úr „trace bitmap“ svolítið óskýr og nauðsynlegt að hreinsa til á myndinni, s.s. að eyða línur sem ekki eiga að vera. Hér er dæmi um slíkt.




Lokaútgáfan er fín en ef þú stækkar myndina upp (súmmar) sést að það er margt sem þarf að bæta. Segjum að við viljum fjarlægja allt þetta gula á myndinni.




2. Veldu myndina þína og farðu í path → break apart. Nú ætti myndin að skiptast í fullt af litlum hlutum.

a. Ef þetta gerist ekki gæti ástæðan verið sú að myndin þín er enn hluti af hóp (group). Til að laga það ferðu í object → ungroup.




3. Þú getur nú valið það sem þú vilt eyða út úr myndinni.

a. Haltu niðri Shift hnappnum á meðan þú smellir á það sem þú vilt eyða – þá getur þú valið marga hluti í einu. Svona getur kisumyndin litið út eftir að búið er að eyða út af henni:




Að skrifa texta

1. Veldu texta tólið í tækjastikunni. Smelltu inn í Inkscape skjalið þitt og byrjaðu að skrifa.




2. Breyttu leturgerðinni eins og þú vilt með því að blokka textann og velja leturgerð í felliglugganum efst á skjánum.




Að sameina form eða klippa þau burt


Að sameina form með Path → Union



1. Teiknaðu nokkur form



2. Veldu tvö eða fleiri form




3. Farðu í Path og veldu Union til að sameina formin sem þú valdir

Að klippa form í burtu með Path → Difference



1. Teiknaðu nokkur form



2. Veldu tvö eða fleiri form




3. Farðu í Path og veldu Difference til að skera formið út

Að teikna (elta línur) handvirkt með því að nota bezier tólið

1. Byrjaðu á því að opna mynd. Það gerir þú með því að fara í file → open, velja rétta mynd og smella á open.


Það er svo líka hægt að velja mynd t.d. af netinu, copy og paste inn í Inkscape.




2. Farðu í Layer → Add Layer

3. Þá opnast þessi gluggi

Gefðu layernum lýsandi nafn, t.d. útlínur. Smelltu svo á Add.



4. Nú sést nýi leyerinn neðst á skjánum hjá þér




5. Áður en þú ferð að teikna eftir útlínunum þarftu að gæta þess að réttur Layer sé valinn (útlínur).
6. Veldu nú bezier tækið í tækjastikunni. Fullvissaðu þig um að *mode* og *shape* möguleikarnir efst á skjánum séu stilltir á *standard* (eins og í gulu gluggunum hér að neðan).




7. Segjum sem svo að við viljum nota mynd af blómi. Þá byrjum við t.d. á því að elta útlínur eins laufblaðs. Á upphafspunkti smellir þú einu sinni, færir svo músina áfram eftir forminu og smellir aftur. Fylgdu forminu gróflega (smelltu einu sinni – aftur og aftur) og tvísmelltu til að ljúka línunni.






8. Notaðu „fill and stroke“ möguleikann (í object flípanum) til að breyta lit og línubreidd á línunni sem þú gerðir.


Flýtleið til að opna „fill and stroke“ er [SHIFT] + [CTRL] + [F]



9. Til þess að „mýkja“ línurnar þarftu fyrst að breyta virkni músarinnar. Veldu tólið á myndinni (edit paths by nodes)


Með þessu tóli getur þú valið „nodes“, smelltu á einn ferninginn (nodes) til að velja hann. Þegar einn ferningur er valinn, smelltu þá á „node“tákn með tveimur handföngum sem er í láréttu tækjastikunni.






10. Þetta getur krafist smá þjálfunar, en haltu áfram þar til þú ert ánægð/ur með formið.

Loka útkoma með blómið getur litið svona út:




Að vista sem PDF

1. Farðu í File → Save as....



2. Veldu hvar þú vilt vista skjalið (í Fab Lab er heppilegt að vista á desktoppinn eða á Fab Lab servernum)

Gefðu skjalinu lýsandi nafn, og veldu að vista það sem PDF skjal. Smelltu svo á Save hnappinn.



3. Þá opnast gluggi þar sem þú þarft að velja stillingar. Mikilvægt er að stilla upplausnina á 600. Einnig þarftu að velja hvort þú ætlar að exporta skjalið sem teikningu eða síðu. Ef þú ert ekki viss exportaðu skjalið þá sem teikningu (þú getur alltaf stillt stærðina seinna ef þörf er á). Smelltu svo á OK.

Export as drawing: Það þýðir að skjalstæðin þín verður í sömu stærð og teikningin þín – allar skjalstillingar verða hundsáðar.

Export as page: Það þýðir að allar skjalstillingar þínar verða exportaðar með. Svo teikningin þín verður skorin í sundur ef hluti hennar er teiknaður utan skjalgluggans.

